15. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026
2. mars 2025 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Stefnumótun

HS fór yfir vinnu stefnumótunarfundarins sem fram fór síðastliðinn miðvikudag og hefur dregið saman niðurstöður vinnunnar sem eru kynntar stjórn. Niðurstöður stefnumótunarinnar verða kynntar á heimasíðu félagsins á næstu dögum.

3. Stólakaup í veislusal

Stólar í veislusal félagsins eru komnir til ára sinna og þörf er á endurnýjun. Kynnt er tilboð frá Patti húsgögn.

Tilboð er samþykkt samhljóða.

4. Trek braut

Borist hefur teikning frá Sigurbirni Bárðarsyni, Orra Árnasyni og Dagnýju Bjarnadóttur að Trek braut inni í stóra hringvellinum. HS leggur til að þess verði óskað að hópurinn skrifi greinagerð sem fylgir teikningunni þegar sótt verður um framkvæmdaleyfi fyrir brautinni, auk grófrar kostnaðaráætlunar.

5. Merkingar húsa í Faxabóli

Starfsmaður skipulagsfulltrúa hefur verið í sambandi við EG eftir að erindi var sent frá stjórn til borgarinnar um að laga merkingar húsa í Faxabóli. Kynnt eru drög frá starfsmanni um merkingar og húsanúmer og er það samkvæmt reglugerð.

EG er að safna upplýsingum um fjölda matshluta/fasteignanúmera innan hvers húss og sendir á borgina.

6. Landsþing LH

Landsþing LH fer fram dagana 30.-31. október 2026. EG og HS hafa áætlað fyrir kostnaði og óska eftir heimild til að uppfæra fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

7. Fyrirspurn til byggingarfulltrúa vegna Almannadals

Byggingarfulltrúi fór í stöðuskoðun á Almannadal 9 þann 6. febrúar sl. HS hefur í kjölfarið reynt að vera í sambandi við starfsmenn byggingarfulltrúa og er ljóst að starfsmenn byggingarfulltrúa eru hættir að svara, bæði í síma og tölvupósti. HS leggur til að stjórn félagsins leggi inn formlega fyrirspurn hver staðan er á leyfum og eftirliti með eftirfarandi hesthúsum í Almannadal:

- Almannadal 9
- Almannadal 29
- Almannadal 23
- Almannadal 27

8. Styrkur frá Rannís

Félagið sótti um styrk til Rannís í haust varðandi félagshesthúsið. Verkefnið snýst um að þarfagreina þjónustu félagshesthússins við börn og unglinga sem þar eru og einnig að skilgreina það fræðsluefni sem félagið ætlar að kynna iðkendum í húsinu. Yfirþjálfara er verkefnastjóri verkefnisins og mun skila í lok sumars fyrstu drögum.

9. Önnur mál

a. Reykjavíkurmeistaramót

HS hefur haft samband við Willum Þór, forseta ÍSÍ um að vera með í verðlaunaafhendingu á mótinu og hann hefur samþykkt það.

b. Dagur íslenska hestsins

HS hafði samband við Húsdýragarðinn um samvinnu vegna dags hestsins þann 1. maí. Stjórnandi garðsins tók vel í það og ætlar að vera í sambandi þegar nær dregur.

Fundi var slitið kl. 18:15.